

## Staða einstæðra mæðra og barna þeirra í íslensku velferðarsamfélagi

**BERGLIND HÓLM RAGNARSDÓTTIR**, lektor við Háskólann á Akureyri

**VALGERÐUR S. BJARNADÓTTIR**, dósent við Háskóla Íslands

**BERGLJÓT ÞRASTARDÓTTIR**, lektor við Háskólann á Akureyri

**ÚTDRÁTTUR:** Í þessari rannsókn er sjónum beint að stöðu einstæðra mæðra í samanburði við mæður í sambúð. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru einforeldrisfjölskyldur 12.670 árið 2024, þar af 10.974 þar sem konur deildu lögheimili með börnum sínum. Hér er því um fjölmennan hóp að ræða en þrátt fyrir það hefur staða þeirra lítið verið rannsökuð með áherslu á félags- og efnahagslegar aðstæður. Fyrirliggjandi rannsóknir sýna að einstæðar mæður bera oft meginábyrgð á framfærslu barna, uppeldi þeirra og heimilishaldi. Rannsóknin byggir á símakönnun frá árinu 2022 meðal kvenna á Íslandi á aldrinum 25–64 ára. Í greiningunni er lögð sérstök áhersla á mæður á aldrinum 25–49 ára, þegar ábyrgð á umönnun barna og staða á vinnumarkaði er hvað mest krefjandi. Skoðaðir eru þættir sem snúa að stöðu á húsnæðismarkaði, efnislegum skorti og fjárhagslegum lífskjörum. Þá er kannað hvort munur á stöðu ólíkra fjölskylduforma skýrist af félags- og lýðfræðilegum breytum eða hvort hann bendi til kerfislægs ójafnaðar. Niðurstöður sýna að þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku einstæðra mæðra í úrtakinu búa þær við talsvert meira fjárhagslegt óöryggi en mæður í sambúð. Tekjur þeirra nægja síður fyrir hefðbundnum útgjöldum heimilisins og fjárhagslegir erfiðleikar eru algengari, meðal annars þegar kemur að því að uppfylla grunnþarfir barna og tryggja þátttöku þeirra í samfélaginu. Þó svo að hluti munarins skýrist af félags- og lýðfræðilegum breytum helst sambandið þegar fyrir þeim er stjórnað, sem bendir til að undirliggjandi kerfislægir þættir hafi einnig áhrif.

**LYKILORÐ:** Einstæðar mæður – Ójöfnuður – Velferð barna – Efnislegur skortur – Búsetuform

**ABSTRACT:** This study examines the situation of single mothers in Iceland compared to mothers living with a partner. In 2024, Iceland recorded 12,670 single-parent families, of which 10,974 were headed by women,

making single mothers a substantial group that often carries primary responsibility for employment, childcare, and household management. Despite their societal significance, relatively little research has examined their social and economic conditions. The analysis draws on a national telephone survey conducted in 2022 among Icelandic women aged 25–64 years. Focusing on mothers aged 25–49, those most actively engaged in both the labour market and childcare, the study explores differences by family structure in housing conditions, material deprivation, and financial wellbeing. We also assess whether these disparities can be explained by sociodemographic factors or reflect more systemic inequalities. Findings indicate that, despite high labour force participation among single mothers in our sample, single mothers experience substantially greater financial insecurity than partnered mothers. Their incomes less often cover basic household needs, and they are more likely to report both personal and child-related material hardship. Although some of these differences are partially explained by age, number of children, education, income, and housing status, the association remains strong after adjustment, suggesting that structural factors contribute to the economic vulnerability of single mothers.

**KEYWORDS:** Single mothers – Inequality – Child well-being – Material deprivation – Housing

## Inngangur

Síðustu áratugi hefur orðið umtalsverð breyting á samsetningu heimila á Vesturlöndum og hin hefðbundna vísitölufjölskylda er á undanhaldi. Færri ganga ungir í hjónaband, skilnaðartíðni er há, fæðingartíðni hefur lækkað, sífellt fleiri velja barnleysi og æ algengara er að einstaklingar, af ýmsum ástæðum, gangi aldrei í hjónaband (Esteve o.fl., 2024; Sunna Símonardóttir, 2024). Samhliða þessari þróun hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist verulega, og núorðið er algengast að tvær fyrirvinnur séu á heimili. Í samfélagi sem gerir ráð fyrir tveimur fyrirvinnum, með þeim lífsgæðum (e. *standards of living*) sem því fylgir, má ætla að einforeldrisfjölskyldum mæti ýmsar félagslegar og fjárhagslegar áskoranir við að halda í við viðmið og gæði samfélagsins (Nieuwenhuis, 2022).

Einforeldrisfjölskyldur, þar sem börn eiga lögheimili hjá öðru foreldrinu og það foreldri er í senn fyrirvinna og sér um heimili og börn, voru árið 2025 um 27% íslenskra barnafjölskyldna og eru tæplega 85% þeirra konur sem búa einar með börn (Hagstofa Íslands, e.d.-a) og teljast þannig til einstæðra mæðra. Það er því ljóst að einstæðar mæður, sem þurfa flestar að sinna starfi, heimili og börnum, eru talsvert stór hópur í íslensku samfélagi. Rannsóknir og úttektir á stöðu fólks á Íslandi hafa sýnt fram á viðkvæma stöðu einstæðra foreldra og barna þeirra (Kolbeinn H. Stefánsson, 2019; Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017; Varða, 2023a, 2023b, 2024; Þóra Kristín Þórsdóttir, 2024). Þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku hefur staða einstæðra foreldra mælst ívið lakari á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum og tvær fyrirvinnur á heimili minnka talsvert líkur á fátækt meðal barnafjölskyldna (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Nýlegar kannanir sýna einnig að nokkuð hátt hlutfall barnafjölskyldna á Íslandi, þar sem fyrirvinnur eru tvær, eiga erfitt með að láta enda ná saman (Varða 2023b, Þóra Kristín Þórsdóttir, 2024), og því er staða einstæðra foreldra síst betri í samanburði við heimili þar sem fyrirvinnur eru tvær.

Fáar rannsóknir hafa beinst sérstaklega að félags- og efnahagslegri stöðu kvenna eftir ólíkum fjölskylduformum. Þó er ljóst að almennt má gera ráð fyrir að félags- og efnahagsleg staða fólks haldist í hendur við fjölda fyrirvinna á heimili. Rannsóknir frá nágrannalöndum okkar sýna að ein-

stæðar mæður eru sérstaklega útsettar fyrir fátækt (Calegari o.fl., 2024) og að einstæðir foreldrar upplifa meiri streitu vegna fjárhagslegra erfiðleika og samfélagslegra krafna sem fylgja foreldrahlutverkinu (Roman, 2017), enda er gert ráð fyrir að uppeldislutverkinu sé sinnt af tveimur einstaklingum (Raudasoja o.fl., 2022). Úttekt Kolbeins H. Stefánssonar (2019) sýnir enda að einstæðir foreldrar á Íslandi raðast í neðri helming tekjudreifingar vinnandi fólks og börn þeirra eru sérstaklega útsett fyrir fátækt. Sömu niðurstöður má greina í úttektum Vörðu, Rannsóknarstofnunar vinnu- markaðarins (2023a, 2023b). Samkvæmt rannsókn Nieuwenhuis (2022) á einstæðum foreldrum í vel stæðum OECD-ríkjum skiptir sterk fjölskyldu- og velferðarstefna lykilmáli í að jafna aðstöðu einforeldrisfjölskyldna gagnvart fjölskyldum með tvær fyrirvinnur.

Byggt á ofangreindu telja höfundar mikilvægt að rannsaka stöðu einstæðra mæðra og barna þeirra, með það að markmiði að varpa ljósi á félagslegar aðstæður og fjárhagslega stöðu þeirra í íslensku velferðarsamfélagi. Í þessari grein verða birtingarmyndir ójafnaðar meðal kvenna skoðaðar með því að beina sjónum að stöðu einstæðra mæðra samanborið við stöðu mæðra í sambúð. Höfundar nota gögn úr símakönnun sem framkvæmd var á vormánuðum 2022 á úrtaki kvenna á aldrinum 25–64 ára. Með því að greina sérstaklega svör mæðra á aldrinum 25–49 ára, sem er sá aldur sem konur eru virkastar á vinnu- og barnaumönnun, verður leitað svara við hvernig ójöfnuður eftir fjölskylduformi birtist meðal annars í lífskjörum og fjárhagslegri stöðu og hvort að tengsl fjölskylduforms og fjárhagsstöðu skýrist að einhverju leyti af félags- og lýðfræðibreytum eins og menntun, tekjum og stöðu á húsnæðismarkaði. Einnig munu höfundar draga fram atriði sem lúta að því að uppfylla grunnþarfir barna einstæðra mæðra og tækifærum barnanna til þátttöku í samfélaginu.

## Fræðilegt samhengi

Aðstæður einstæðra mæðra geta verið ólíkar og sömuleiðis ástæður þess að þær eru ekki í sambandi með barnsföður sínum en íslensk fjölskyldustefna hefur löngum lagt áherslu á virka þátttöku beggja foreldra í uppeldi barna sinna og rannsóknir hafa sýnt að það hefur aukist hin síðari ár að einstæðir foreldrar deili uppeldi og umönnun barna sinna (Íris Dögg Lárusdóttir o.fl., 2024). Íslensk fæðingarorlofslöggjöf er gjarnan nefnd sem áhrifapáttur í þessu samhengi, en allt frá árinu 2000 hefur það verið markmið löggjafarinnar að tryggja samvistir barna við báða foreldra og umönnun óháð fjölskylduformi, og hvetja þar með til aukinnar þátttöku feðra í uppeldi barna sinna (Ásdís Arnalds og Duvander, 2023). Löggjöfin hefur tekið breytingum síðan þá og lengd orlofsins aukist en meginstefnan um að hluti orlofsins sé óframseljanlegur milli foreldra hefur haldist. Hlutfall feðra sem nýtir rétt sinn hefur verið mjög hátt en algengt er að sá hluti orlofsins sem er sameiginlegur sé nýttur af móðurinni (Vinnuálastofnun, 2024), sem undirstrikar meðal annars að þrátt fyrir aukna þátttöku feðra má enn greina ríka áherslu í íslensku samfélagi á auknar skyldur og ábyrgð mæðra í uppeldi og umönnun barna sinna (Ingólfur V. Gíslason og Sunna Símonardóttir, 2018; Sunna Símonardóttir, 2016). Samkvæmt íslensku æskulýðsrannsókninni (Menntavísindastofnun, 2024) búa um 19% barna á grunnskólaaldri á tveimur heimilum og þó að enn sé algengast að börn í þeirri stöðu eigi sitt aðalheimili hjá móður og mjög fá búi eingöngu eða nær eingöngu hjá föður er sífellt algengara að börn búi til jafns hjá báðum foreldrum. Fyrir um 20 árum síðan bjó um fjórðungur barna til skiptis hjá móður og föður (Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2008; Sigrún Júlíusdóttir, 2009) en samkvæmt gögnum úr Íslensku æskulýðsrannsókninni skiptir að jafnaði tæplega helmingur barna í 6. - 10. bekk, sem ekki búa á einu heimili, búsetu nokkuð jafnt milli föður og móður (Hans Haraldsson, tölvupóstur, 18. nóvember 2025). Þó að nokkuð stór hluti barna verji jafn löngum tíma hjá báðum foreldrum er lítið vitað um hvernig kostnaður vegna barna skiptist á milli einstæðra foreldra á Íslandi.

Þrátt fyrir tilkomu fjölbreyttari fjölskylduforma og breyttra hugmynda um umönnunarhlutverk kynjanna hafa hugmyndir um konur sem meginumönnunaraðila og hugmyndir um hvað felst í móðurhlutverkinu ekki breyst mikið. Mæður sem þykja sinna hlutverki sínu vel falla gjarnan að ákveðnum viðmiðum, svo sem að vera gagnkynhneigðar, í sambúð, búa við efnahagslegan stöðug-

leika og fylgja gildum millistéttar (Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rúdólfssdóttir, 2022; Giles, 2014; Mackenzie, 2023). Einstæðar mæður hafa í gegnum tíðina fengið á sig ákveðna gagnrýni þar sem þær falla utan þessarar viðteknu skilgreiningar á góðu móðurinni og ógna þar með rómantísku hugmyndinni um sambúð karls og konu (DeJean o.fl., 2012). Bent hefur verið á að á tímum póstfemínisma og nýfrjálshyggju eigi einstæðar mæður fullt í fangi með að auka virði sitt og elta ímyndina um hina góðu móður sem býr við efnahagslegt sjálfstæði og getur fórnað sér og sínum þörfum til að geta veitt börnum sínum æskileg efnisleg gæði (Giles, 2014; Roman, 2017). Skilaboðin frá umhverfinu eru að þær hafi frelsi og jöfn tækifæri á við aðra til að þéna vel og ná langt, og þá helst án alls stuðnings frá hinu opinbera (Heenan, 2021). Slík hugmyndafræði leiðir af sér neikvæð viðhorf til þeirra sem þiggja opinberar bætur og utanaðkomandi stuðning (Jun, 2019) og ýtir þar með undir vanmáttarkennd, skömm og streitu meðal einstæðra mæðra sem leita gjarnan allra leiða til að ná að framfleyta börnum og standa skil á sínu, til dæmis með því að neyðast til að reiða sig á smálán og yfirdrátt (Angsten og James, 2025).

Fræðimenn hafa fært rök fyrir að í vestrænum velferðarsamfélögum hafi stefnumótun miðast við að draga saman bótakerfin með því að ýta einstaklingum sem annars hafa fengið opinberan stuðning út í atvinnulífið. Þannig hefur verið litið á að lausnin á krefjandi fjárhagsstöðu einstæðra mæðra sé að auka atvinnuþátttöku þeirra (Nieuwenhuis og Maldonado, 2018; Webb og Lorant, 2018). Á Íslandi er atvinnuþátttaka einstæðra foreldra mikil, en það kemur ekki í veg fyrir krefjandi fjárhagsstöðu. Ein ástæða þess er að stuðningur við einstæða foreldra minnkar talsvert í takti við þátttöku þeirra á vinnumarkaði, jafnvel þó þeir séu í lágláunastörfum. Bent hefur verið á að barnabætur taki að skerðast talsvert áður en lágmarkslaunum sé náð og því fái fáir fullvinnandi einstaklingar fullar barnabætur, jafnvel þó þeir séu einstæðir foreldrar (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Þessi áhersla á að ýta sem flestum út í atvinnulífið til að draga megi úr opinberum stuðningi hefur gert það að verkum að álag á einstæðar mæður hefur aukist, þær þurfa að hlaupa hraðar og jafnvel taka að sér fleiri en eitt starf þar sem þær eiga ekki kost á vel launuðum störfum sem gera þeim kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og ná endum saman (Webb og Lorant, 2018). Ætla má að það eigi einnig við um íslenskar mæður. Niðurstöður rannsóknar þar sem tekin voru viðtöl við breskar einstæðar mæður á vinnumarkaði sem áður höfðu verið á bótum sýndu að mæðurnar skömmuðust sín fyrir að ná ekki að mæta samfélagslegum kröfum um eftirsótt lífsgæði, þrátt fyrir að leggja sig allar fram við að tryggja sitt efnahagslega sjálfstæði. Mæðurnar ásökuðu sjálfar sig fyrir að ná ekki betri árangri í sínu lífi, frekar en að horfa á aðstæður sínar sem hluta af vanda samfélagsins þegar kom að stuðningi við þær og börn þeirra (Jun, 2019). Þessi sjálfsásökun skilur mæðurnar eftir með þá tilfinningu að þær séu aldrei nógu góðar, sem hefur neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra og líðan í víðu samhengi (Clisby og Holdsworth, 2014; Roman, 2017).

## Fyrri rannsóknir á stöðu einstæðra foreldra

Samkvæmt rannsóknum á stöðu einstæðra foreldra eru þeir líklegri til að búa við krefjandi fjárhagslegar aðstæður og upplifa efnislegan skort (*e. material deprivation*) en foreldrar í sambúð eða hjónabandi (Calegari o.fl., 2024; Eurostat, 2018; Guðný Björk Eydal, 2018; Kolbeinn H. Stefánsson, 2019; Lanza-León og Cantarero-Prieto, 2024; Láftman, 2010; Maldonado og Nieuwenhuis, 2015; Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017; Varða 2023b), sérstaklega einstæðar mæður (Calegari o.fl., 2024; Lu o.fl., 2020; Wimer o.fl., 2021). Þetta á við um Ísland, hin Norðurlöndin og önnur Evrópulönd. Ástæður þess að einstæðar mæður hafa það verr en einstæðir feður má til dæmis rekja til kynbundins launamunar (Nieuwenhuis og Maldonado, 2018). Niðurstöður norræna rannsókna á stöðu einstæðra mæðra sýna einnig að þær eru útsettar fyrir þunglyndi og kvíða (Fritzell o.fl., 2020; Roman, 2017) og að einstæðar mæður upplifa streitu vegna fjárhagslegra erfiðleika og samfélagslegra krafna um að standa sig í móðurhlutverkinu, eins og að jafna aðstöðumun á milli sinna barna og annarra sem búa með báðum foreldrum (Roman, 2017). Þá benda rannsóknir einnig til þess að einstæðar mæður séu með lægra menntunarstig en mæður í sambúð (Calder, 2018; Härkönen, 2018).

Eitt af því sem gerir börn sérstaklega útsett fyrir fátækt er að alast upp hjá einstæðu foreldri, sérstaklega móður. Börn einstæðra mæðra eru þrisvar til fjórum sinnum líklegri til að lifa í fátækt en börn sem búa á heimili með tveimur foreldrum. Þetta á við um Ísland, Norðurlöndin og önnur vestræn velferðarríki (Bostic, 2023). Jafnframt er mun erfiðara fyrir einforeldrisfjölskyldur að vinna sig upp úr fátækt, þar sem einstæðir foreldrar hafa minni tíma til umráða en foreldrar sem geta deilt ábyrgð á börnum og heimili, og eru þar með ólíklegri til að geta unnið langa eða óreglulega vinnudaga (Maldonado og Nieuwenhuis, 2015). Í nýlegri skýrslu sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið (Halldór S. Guðmundsson o.fl., 2023) kemur fram að fjölskyldur einstæðra foreldra eru líklegastar til að vera undir lágtekjumörkum, en 23% einstæðra foreldra voru undir lágtekjumörkum samfleytt í 4–5 ár (2016–2020) og bjuggu því við viðvarandi fátækt. Í umfjöllun Guðnýjar Bjarkar Eydal (2018), sem byggir á tölum frá Hagstofu Íslands, kemur fram að einstæðar mæður eru ekki jafn virkar á vinnumarkaði og mæður í sambúð eða í hjónabandi, og minnkar atvinnuþátttaka þeirra einstæðu með hverju barni, sem bendir til þess að þær hafi takmarkaðri tækifæri eða ekki nægan stuðning til atvinnuþátttöku. Sömuleiðis hefur verið bent á (t.d. Zagel og Hübgen, 2018) að opinber stuðningur við einstæðar mæður er ekki stöðugur heldur bundinn við aldursskeið í lífi barna þeirra, til dæmis fæðingarorlofsgreiðslur og úrræði vegna leikskólagöngu.

Ýmsar alvarlegar áskoranir mæta börnum sem alast upp við fátækt. Meðal þeirra eru áhrif á félagslega þátttöku. Í rannsókn Odenbring (2018) á veruleika barna sem búa við fátækt í Svíþjóð kom fram að skólaferðir væru þeim kvíðaeftni, jafnvel þó þær væru þeim að kostnaðarlausu, þar sem yfirleitt þyrfti að koma með nesti að heiman í slíkar ferðir. Jafnframt kom fram að gjaldfrjálsar skólamáltíðir skiptu þessi börn afar miklu máli og væru forsenda þess að þau næðu að einbeita sér að námi sínu. Sérstaklega kom fátækt niður á tækifærum þeirra til félagslegra samvista við jafningja og þátttöku í tómstundum. Þær niðurstöður ríma við rannsókn Hervarar Ölmú Árnadóttur og Soffíu Hjördísar Ólafsdóttur (2019) á reynslu íslenskra barna sem búa við fátækt. Börnin upplifðu skert aðgengi að félagslegum viðburðum og kvíða í tengslum sínum við vini. Jafnframt komu aðstæður þeirra í veg fyrir þátttöku í skipulögðu tómstundastarfi. Í könnun Vörðu (2023a) meðal foreldra á Íslandi með börn á aldrinum 12 mánaða til 12 ára má greina sömu áskoranir við tækifæri til félagslegra athafna, en þar kemur fram að um 30% einstæðra mæðra hafi ekki ráð á að greiða fyrir íþrótt- og tómstundastarf fyrir börn sín og um 40% geti ekki greitt fyrir sumarnámskeið. Önnur könnun Vörðu (2023b), sem gerð var meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB, varpar ljósi á krefjandi stöðu barnafjölskyldna í íslensku samfélagi, og sérstaklega er staða einhleypra foreldra slæm. Meðal niðurstaðna var að herra hlutfall einhleypra foreldra hefði ekki efni á grunnþáttum fyrir börn sín, þau byggju frekar við efnislegan skort og ættu erfitt með að ná endum saman, samanborið við foreldra í sambúð. Þegar litið er til framtíðarmöguleika barna eru börn sem alast upp í einforeldrisfjölskyldum líklegri til að vera með lægra menntunarstig og búa við verri andlega heilsu á fullorðinsárum en þau sem alast upp hjá báðum foreldrum. Í því samhengi hefur meiri áhrif að hafa alist upp við efnislegan skort og fátækt en hvort alist var upp hjá einstæðu foreldri eða ekki. Fjölskylduformið eitt og sér skýrir því ekki framtíðarmöguleika barnanna (Härkönen, 2018). Félagsleg tengsl, til dæmis við jafningja, nágranna eða aðra í nærumhverfi skipta hér máli, og sömuleiðis getur stuðningur frá skóla verið styðjandi þáttur í lífi barna einstæðra foreldra (Jain og Mahmoodi, 2022).

Þá bendir Bostic (2023) á að mæðrasekt (e. *motherhood penalty*) hafi meiri áhrif á einstæðar mæður en mæður í samböndum, þar sem vinnuveitendur vænti þess að starfsfólk sé til taks þegar þörf er á og að skuldbindingar sem tengjast fjölskyldunni hafi ekki áhrif á afköst fólks í vinnu. Í því ljósi sýna rannsóknir, bæði frá Íslandi og nágrannalöndunum (Boroumand, 2022; Calder, 2018; Lanza-León og Cantarero-Prieto, 2024; Nieuwenhuis og Maldonado, 2018; Varða, 2023a), að einstæðir foreldrar eiga mun erfiðara með að samræma starf og fjölskyldulíf og því er stefnumótun sem er næm fyrir þörfum einstæðra foreldra og barna þeirra sérstaklega mikilvæg, til að tryggja jafnræði meðal barna sem alast upp í fjölskylduformum þar sem ekki eru tvær fyrirvinnur. Samkvæmt fjölda rannsókna hefur velferðarríkjum mistekist að styðja sérstaklega við börn sem eru í hættu á að lifa við fátækt (Låftman, 2010). Í því samhengi leggur Bostic (2023) áherslu á mikilvægi þess að einstæðir

foreldrar fái beinan fjárhagsstuðning í stað almennrar niðurgreiðslu eða afsláttar. Þannig séu meiri líkur á að stuðningur til einstæðra foreldra nái til þeirra sérstaklega og geti lyft þeim upp úr fátækt.

Einstæðir foreldrar á leigumarkaði eru sérstaklega viðkvæmur hópur og sérstaklega er erfitt fyrir þann hóp að koma sér af leigumarkaði í eigið húsnæði (Sierminska, 2018). Í grænbók um húsnæðismál (Stjórnarráð Íslands, 2023) kemur fram að heimili einstæðra foreldra með börn voru líklegust til að skorta efnisleg lífsgæði. Þessi staða er mismunandi eftir kynjum, þar sem konur með börn á heimili voru í yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem þiggja húsnæðisbætur, eða um 82%. Í úttekt Kolbeins H. Stefánssonar (2019) kom sömuleiðis fram að húsnæðiskostnaður hefði meiri áhrif á fátækt barna einstæðra foreldra en barna sem búa í annars konar fjölskylduformi.

Í ljósi fyrri rannsókna á stöðu einstæðra mæðra, hefur ítrekað verið bent á að aukinn fjölbreytileiki fjölskylduforma, sem byggja ekki síst á auknum réttindum kvenna undanfarna áratugi, hafi ekki haldist í hendur við stefnumótun í velferðarsamfélögum. Konur hafa öðlast aukin réttindi á vinnumarkaði samhliða auknum yfirráðum yfir eigin líkama, en búa enn við ákveðinn fórnarkostnað þess að búa einar, þar sem samfélagið gerir ráð fyrir tveimur fyrirvinnum og hefðbundnu fjölskylduformi (Nieuwenhuis, 2022; Nieuwenhuis og Maldonado, 2018). Þrátt fyrir það er fjárhagsstaða barnafjölskyldna þar sem fyrirvinnur eru tvær almennt krefjandi í íslensku samfélagi (sjá t.d. Þóra Kristín Þórsdóttir, 2024). Einstæðar mæður þurfa því að hafa þeim mun hærri laun til að tekjur nægi fyrir hefðbundnum útgjaldaþörfum (Kolbeinn H. Stefánsson, 2019), þar sem þær þurfa að halda í við framfærsluviðmið og samfélagslegar kröfur sem stýrast gjarnan af aðstæðum heimila þar sem fyrirvinnur eru tvær.

## Gögn og aðferðir

Rannsóknin byggist á umfangsmikilli spurningakönnun sem lögð var fyrir konur á vinnualdri á vor-mánuðum 2022. Markmið könnunarinnar var að skoða ójöfnuð meðal kvenna á Íslandi og því var lögð áhersla á að ná til sem fjölbreyttasts hóps kvenna. Í spurningalistakönnunum reynist oft erfitt að ná til fólks í verkastétt og til fólks af erlendum uppruna, til dæmis vegna þess að það er ekki með skráð símanúmer (Morville og Erlandsson, 2016). Því má segja að innbyggð skekkja sé í mörgum spurningakönnunum sem byggðar eru að mestu á svörum hátekju- og hámenntaðs fólks. Til að tryggja sem besta endurspeglun þýðisins, það er að segja allra kvenna á Íslandi á aldrinum 25 til 64 ára, var beitt lagskiptu úrtaki. Tilviljunarúrtak var tekið úr þjóðskrá en einnig var tilviljunarúrtak tekið úr félagaskrá Eflingar til að auka líkurnar á að ná til lágtekjukvenna og kvenna af erlendum uppruna, og þar með bæta endurspeglun þýðisins enn frekar. Símakönnun var framkvæmd á þessu úrtaki. Spurningalistinn, sem samanstóð af bæði sérsníðuðum spurningum og alþjóðlegum kvörðum, var þýddur yfir á ensku og pólsku, og því voru, auk íslenskumælandi spyrta, einnig spyrta sem töluðu ensku og pólsku. Gögnum var safnað á tímabilinu 29. mars til 30. maí 2022. Í heildarúrtakinu var 3361 kona, og bærust svör frá 1251, sem jafngildir svarhlutfalli upp á 37,2%. Í tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá voru 1932 konur og þar var svarhlutfallið 40,5% (782 svör). Í tilviljunarúrtaki Eflingar voru 1429 konur, þar af svöruðu 469, sem gefur svarhlutfallið 32,8%.

Þegar lokaúrtakið er borið saman við þýðið kemur í ljós að 17% kvenna í úrtakinu eru ekki með íslenskan ríkisborgararétt og samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands (e.d.-a) eru 15% kvenna á þessum aldri á Íslandi ekki með íslenskan ríkisborgararétt. Lokaúrtakið endurspeglar því þýðið nokkuð vel hvað varðar uppruna.

Í lokaúrtakinu voru aðeins 13,2% kvenna með grunnskólamenntun samanborett við 18% kvenna í þýði samkvæmt tölum Hagstofunnar (e.d.-c). Þá voru konurnar í úrtakinu hlutfallslega eldri en í þýðinu en 14% kvenna í úrtakinu voru 30 ára og yngri samanborett við 18% í þýði (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Úrtakið í heild sinni var því vigtað eftir aldri og menntun þar sem yngsti aldurshópurinn og hlutfall kvenna með grunnskólamenntun endurspegladi ekki þýðið nægilega vel. Upplýsingar til vigtunar voru fengnar hjá Hagstofu Íslands og notuð var raking-aðferð við vigtun. Raking-aðferðin

er notuð til þess að reikna vogtölur á grundvelli tveggja eða fleiri breyta þegar jaðardreifing (e. *marginal distribution*) breytanna í þýðinu er þekkt en skilyrt dreifing (e. *conditional distribution*) þeirra er óþekkt. Fyrst eru vogtölurnar aðlagðar þannig að þær endurspegli dreifingu einnar breytu, næst eru þær aðlagðar til að endurspeglu dreifingu næstu breytu og svo framvegis. Ef aðlögun vogtalna að dreifingu einnar breytu veldur því að þær endurspeglu ekki lengur dreifingu annarrar breytu eru þær aðlagðar aftur. Þetta ferli er endurtekið þar til vogtölurnar endurspeglu sem best dreifingu allra breytanna.

Hér eftir verður úrtakið takmarkað við konur á aldrinum 25–49 ára ( $N = 521$ ) og allar niðurstöður eru greindar eftir því hvort konur eru einstæðar og með að minnsta kosti eitt barn sem býr hjá þeim og er á þeirra framfæri ( $n = 102$ ) eða í sambúð/giftar og með að minnsta kosti eitt barn sem býr hjá þeim og er á þeirra framfæri ( $n = 419$ ). Fjórar mælingar eru notaðar til þess að skoða fjárhagsstöðu einstæðra mæðra í samanburði við mæður í sambúð: *Afkoma heimilis*, *efnislegur skortur*, *fjárskortur vegna eigin þarfa* og *fjárskortur vegna þarfa barna* (sjá myndir 1-4). Kí-kvaðrat próf ( $\chi^2$ ) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni á mun á hlutföllum einstæðra mæðra og mæðra í sambúð í tengslum við fjárhagserfiðleika. Þá voru fjárhagserfiðleikar skoðaðir sérstaklega með tilliti til félags- og lýðfræðibreyta. Mantel-Haenszel aðferðin var notuð til að reikna gagnlíkindi (e. *odds ratio*) þess að upplifa fjárhagserfiðleika fyrir einstæðar mæður miðað við mæður í sambúð, þegar stjórnað var fyrir aldri, fjölda barna, búsetuformi, menntun og einstaklingstekjum.<sup>1</sup> Mantel-Haenszel prófið gefur bæði mat á sameiginlegum gagnlíkindum og tilheyrandi öryggisbilum, auk prófs á hvort tengslin séu tölfræðilega marktæk þegar tekið er tillit til lagskiptingar.

## Niðurstöður

Tafla 1 birtir félags- og lýðfræðilega samsetningu úrtaks eftir vigtun. Ef lítið er til aldurs sést að svipað hlutfall einstæðra mæðra (14%) og mæðra í sambúð (13%) tilheyra yngsta aldurshópnum, 30 ára og yngri. Þá eru 37% einstæðra mæðra í úrtakinu á aldrinum 31–40 ára en 49% mæðra í sambúð tilheyra þeim aldurshópi. Einstæðar mæður eru líklegri til að tilheyra elsta aldurshópnum en 49% þeirra eru á aldrinum 41–49 ára samanborið við 38% mæðra í sambúð. Þegar lítið er til menntunar sést að hæst hlutfall einstæðra mæðra hefur lokið háskólaprófi (44%) og það sama á við um mæður í sambúð (59%). Þá hafa 20% einstæðra mæðra lokið grunnskólaprófi en það sama á við um 14% mæðra í sambúð. Uppruni meirihluta svarenda er íslenskur en 72% einstæðra mæðra hafa alltaf verið með íslenskan ríkisborgararétt og 73% mæðra í sambúð. Tæplega helmingur einstæðra mæðra (47%) er með eitt barn á framfæri samanborið við 29% mæðra í sambúð. Mæður í sambúð eru líklegastar til að vera með tvö börn á framfæri (42%) en það á við um 41% einstæðra mæðra. Þá eru 29% mæðra í sambúð með þrjú eða fleiri börn á framfæri samanborið við 12% einstæðra mæðra. Einstaklingstekjum þátttakenda var skipt í þriðjunga (e. *tertiles*) eða þrjú jafnstóra hópa; lágar, meðalháar og háar tekjur. Lítil munur er á hópnum tveimur, en þó eru hlutfallslega flestar einstæðar mæður með meðaltekjur (42%) en flestar mæður í sambúð með háar tekjur (47%). Skýr munur er á búsetuformi einstæðra mæðra og mæðra í sambúð. Meirihluti mæðra í sambúð (79%) býr í eigin húsnæði, á meðan aðeins 48% einstæðra mæðra gera það sama. Einstæðar mæður eru mun líklegri en mæður í sambúð til að búa í leiguhúsnæði á almennum markaði (39% samanborið við 17%). Þá kemur einnig í ljós að einstæðar mæður eru í meiri mæli háðar öðrum búsetuúrræðum, en 6% þeirra búa hjá foreldrum eða ættingjum, samanborið við aðeins 1% mæðra í sambúð. Hlutfall þeirra sem búa í húsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum er einnig hærra meðal einstæðra mæðra (6% samanborið við 2%). Þessar niðurstöður varpa ljósi á viðkvæma stöðu einstæðra mæðra á húsnæðismarkaði, sem endurspeglar ólíka félagslega og efnahagslega stöðu hópanna.

<sup>1</sup> Með einstaklingstekjum er átt við heildartekjur mæðranna að jafnaði á mánuði fyrir skatt og annan frádrátt. (Öll laun, aukavinna, yfirvinna, námslán, tryggingabætur, lífeyristekjur, húsnæðisbætur, meðlag o.þ.h. samanlagt).

Tafla 1. Lýsing á úrtaki eftir fjölskylduformi

		Einstæðar mæður	Mæður í sambúð
Aldur	25–30 ára	14%	13%
	31–40 ára	37%	49%
	41–49 ára	49%	38%
<i>N</i>		102	419
Menntun	Grunnskólapróf	20%	14%
	Starfstengt próf	17%	10%
	Stúdentspróf	18%	18%
	Háskólagráða	44%	59%
<i>N</i>		99	417
Uppruni	Íslenskur uppruni	72%	73%
	Erlendur uppruni	28%	27%
<i>N</i>		102	417
Fjöldi barna	Eitt barn	47%	29%
	Tvö börn	41%	42%
	Þrjú eða fleiri börn	12%	29%
<i>N</i>		103	417
Einstaklingstekjur	Lágar tekjur	14%	18%
	Meðalháar tekjur	42%	35%
	Háar tekjur	44%	47%
<i>N</i>		95	374
Búsetuform	Í eigin húsnæði	48%	79%
	Á almennum leigumarkaði	39%	17%
	Önnur búsetuúrræði	13%	4%
<i>N</i>		102	416
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	81%	82%
	Með örorkulífeyri	2%	5%
	Atvinnuleitandi	6%	3%
	Annað	11%	10%
<i>N</i>		101	405
Fjöldi vinnustunda	40 tímar eða færri	63%	73%
	41 tími eða fleiri	37%	27%
<i>N</i>		89	363
Heimilistekjur til ráðstöfunar	300.000 kr. eða meira	20%	57%
	250-299.999 kr.	6%	6%
	200-249.999 kr.	7%	12%
	150-199.999 kr.	16%	9%
	100-149.999 kr.	19%	9%
	60-99.999 kr.	13%	4%
	59.999 kr. eða minna	19%	3%
<i>N</i>		88	335

Þegar litið er til stöðu á vinnumarkaði er staða einstæðra mæðra og mæðra í sambúð mjög svipuð. Alls eru 81% einstæðra mæðra virkar á vinnumarkaði, ýmist í launuðu starfi, sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur. Það sama á við um 82% mæðra í sambúð. Einstæðar mæður eru líklegri til að vera


atvinnuleitandi (6% samanborið við 3%) en mæður í sambúð eru aftur á móti líklegri til að vera með örorkulífeyri (5% samanborið við 2%). Þegar litið er til fjölda vinnustunda meðal þeirra mæðra sem eru virkar á vinnumarkaði sést að 37% einstæðra mæðra vinna fleiri en 41 tíma á viku miðað við 27% mæðra í sambúð, en hefðbundinn vinnutími í dagvinnu eru 36–40 tímar. Að lokum má sjá heimilistekjur til ráðstöfunar eftir skatt og fastar greiðslur (húsnæðiskostnaður, skólagjöld, bifreiðagjöld, tryggingar og net- og símakostnaður), en þar kemur fram stór munur á heimilum einstæðra mæðra og mæðra í sambúð. Rétt tæpur fimmtungur einstæðra mæðra hefur 59.999 kr. eða minna til ráðstöfunar út mánuðinn eftir fastar greiðslur og 32% þeirra hafa 99.999 kr. eða minna samanborið við 3% og 7% mæðra í sambúð. Þá hafa 57% mæðra í sambúð 300.000 kr. eða meira til ráðstöfunar samanborið við 20% einstæðra mæðra.

### Fjárhagslegir erfiðleikar og lífskjör

Fjárhagslegir erfiðleikar og lífskjör voru greind með fjórum mælingum; *afkoma heimilis*, *efnislegur skortur*, *fjárskortur vegna eigin þarfa* og *fjárskortur vegna þarfa barna*. Á myndum 1 til 4 má sjá mun á hlutföllum eftir fjölskylduformi á hverri mælingu fyrir sig. Í töflu 2 eru niðurstöður fyrir hverja mælingu greindar frekar út frá lagskiptum krosstöflum þar sem gagnlíkindi á að upplifa fjárhagserfiðleika eru skoðuð þegar stjórnað er fyrir aldri, menntun, fjölda barna, búsetuformi og einstaklingstekjum.

Þegar litið er til fjárhagslegrar afkomu heimilisins á mynd 1 sést að meirihluti mæðra í sambúð segja heimili sín komast vel af (58%) samanborið við einungis 34% einstæðra mæðra. Alls segja 36% einstæðra mæðra það frekar eða mjög erfitt að ná endum saman en það sama á við um einungis 9% mæðra í sambúð. Tengsl fjölskylduforms og fjárhagslegrar afkomu eru marktæk ( $\chi^2_{(47,139)} = 3, p < 0,001$ ).

#### Mynd 1. Fjárhagsleg afkoma heimilis




Nótur: Einstæðar mæður ( $n = 101$ ). Mæður í sambúð ( $n = 416$ ).

Fjárhagsstaða var jafnframt metin með mælingu á efnislegum skorti samkvæmt skilgreiningu sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat, e.d.) og Hagstofa Íslands (2024) nota. Spurt var hvort einhver af tilteknum níu atriðum ættu við um heimilið, sjá mynd 2. Í öllum tilfellum svara einstæðar mæður því oftast játandi að heimilið hafi upplifað tiltekinn skort. Mestur munur sést þegar horft er

til þess hvort mæðurnar hafi efni á að fara í árlegt vikulangt frí með fjölskyldunni en 37% einstæðra mæðra hafa ekki efni á því samanborið við 16% mæðra í sambúð ( $\chi^2_{(22,166)} = 1, p < 0,001$ ). Jafnframt geta 36% einstæðra mæðra ekki mætt óvæntum útgjöldum samanborið við 16% mæðra í sambúð ( $\chi^2_{(18,994)} = 1, p < 0,001$ ). Þá svara 11% einstæðra mæðra því játandi að hafa verið í vanskilum á leigu/lánum samanborið við 3% mæðra í sambúð ( $\chi^2_{(13,461)} = 1, p < 0,001$ ). Alls hafa 17% einstæðra mæðra ekki efni á kjöt-, fisk- eða sambærilegri grænmetismáltíð, samanborið við 5% mæðra í sambúð ( $\chi^2_{(22,166)} = 1, p < 0,001$ ). Þá hafa 12% einstæðra mæðra ekki efni á síma samanborið við 5% mæðra í sambúð ( $\chi^2_{(6,887)} = 1, p < 0,010$ ) og sami fjöldi hefur ekki efni á þvottavél ( $\chi^2_{(5,644)} = 1, p < 0,05$ ). Tæpur fimmtungur eða 19% einstæðra mæðra hefur ekki efni á bíl miðað við 8% af mæðrum í sambúð ( $\chi^2_{(9,039)} = 1, p < 0,01$ ). Alls 14% einstæðra mæðra hafa ekki efni á sjónvarpstæki miðað við 6% mæðra í sambúð ( $\chi^2_{(7,056)} = 1, p < 0,01$ ). Að lokum var spurt hvort fjárráð væru næg til að halda heimilinu nægilega heitu. Einungis 2% einstæðra mæðra og 3% mæðra í sambúð geta ekki haldið heimilinu nægilega heitu en ekki er marktækur munur á milli hópanna ( $\chi^2_{(0,143)} = 1, p < 0,705$ ).

**Mynd 2.** Efnislegur skortur. Hlutfall þeirra sem segja eftirfarandi þætti eiga við um sín heimili




Nótur: Einstæðar mæður: Vanskil, sími, sjónvarpstæki og þvottavél ( $n = 101$ ), árlegt frí og húsnæði nægilega heitt ( $n = 100$ ), kjötmáltíð og bíll ( $n = 102$ ), óvænt útgjöld ( $n = 98$ ).

Mæður í sambúð: Vanskil og bíll ( $n = 414$ ), árlegt frí, sími, þvottavél, sjónvarpstæki og húsnæði nægilega heitt ( $n = 413$ ), kjötmáltíð ( $n = 412$ ), óvænt útgjöld ( $n = 409$ ).

Þegar mæðurnar voru inntar eftir því hvort fjárskortur á síðustu 12 mánuðum hefði komið í veg fyrir að þær hefðu getað leyft sér ákveðna hluti fyrir sig sjálfar kom í ljós að einstæðar mæður eru marktækt mun líklegri til að hafa þurft að neita sér um tiltekna hluti, sjá mynd 3. Þannig hafa 28% einstæðra mæðra ekki efni á að kaupa sér nauðsynlegan fatnað samanborið við 11% mæðra í sambúð ( $\chi^2_{(20,486)} = 1, p < 0,010$ ), fimmtungur einstæðra mæðra getur ekki keypt sér eins næringarríkan mat og þær telja sig þurfa miðað við 5% mæðra í sambúð ( $\chi^2_{(24,164)} = 1, p < 0,010$ ) og 29% einstæðra mæðra geta ekki stundað þá líkamsrækt sem þær vilja stunda, en það sama á við um 11% mæðra í sambúð ( $\chi^2_{(22,077)} = 1, p < 0,010$ ). Alls geta 33% einstæðra mæðra ekki sótt menningarviðburði eins og tón-

leika eða leikhús en 16% mæðra í sambúð geta ekki leyft sér það ( $\chi^2_{(14,445)} = 1, p < 0,010$ ). Þá voru 39% einstæðra mæðra sem ekki geta farið í klippingu á hárgreiðslustofu (mæður í sambúð 12%) ( $\chi^2_{(43,313)} = 1, p < 0,010$ ) og 29% einstæðra mæðra geta ekki sótt sér þá menntun sem þær hafa áhuga á samanborið við 12% mæðra í sambúð ( $\chi^2_{(17,109)} = 1, p < 0,010$ ).

**Mynd 3.** Fjárskortur vegna eigin þarfa. Hlutfall þeirra sem segjast ekki hafa getað leyft sér eftirtalda þætti vegna fjárskorts á síðustu 12 mánuðum




Nótur: Einstæðar mæður: Nauðsynlegan fatnað ( $n = 100$ ), næringarríkan mat ( $n = 98$ ), líkamsrækt, menningarviðburði, klippingu ( $n = 99$ ), menntun ( $n = 101$ ).

Mæður í sambúð: Nauðsynlegan fatnað ( $n = 417$ ), næringarríkan mat ( $n = 416$ ), líkamsrækt ( $n = 415$ ), menningarviðburði ( $n = 414$ ), klippingu ( $n = 411$ ), menntun ( $n = 412$ ).

Mynd 4 sýnir hlutfall einstæðra mæðra og mæðra í sambúð sem segjast eiga erfitt með að standa straum af ýmsum útgjöldum tengdum uppeldi og umönnun barna. Í öllum tilvikum er hlutfall einstæðra mæðra sem lenda í fjárhagslegum erfiðleikum marktækt mun hærra en hjá mæðrum í sambúð. Mestur munur sést varðandi kostnað umfram frístundastyrk (21% miðað við 5%) ( $\chi^2_{(22,358)} = 1, p < 0,010$ ), tannréttingar (17% miðað við 3%) ( $\chi^2_{(19,813)} = 1, p < 0,010$ ) og sálfræðiþjónustu (16% miðað við 3%) ( $\chi^2_{(18,829)} = 1, p < 0,010$ ). Aðrir kostnaðarliðir þar sem munur er talsverður eru barnapössun ( $\chi^2_{(13,276)} = 1, p < 0,010$ ), gleraugu ( $\chi^2_{(15,759)} = 1, p < 0,010$ ) og leikskólagjöld ( $\chi^2_{(17,324)} = 1, p < 0,010$ ). Þessar niðurstöður gefa til kynna að einstæðar mæður séu í viðkvæmari stöðu gagnvart óvæntum eða auknum kostnaði sem tengist börnum þeirra, sérstaklega þegar opinber stuðningur dugur ekki til.

**Mynd 4.** Fjárskortur vegna þarfa barna. Hlutfall þeirra sem ekki hafa getað greitt eftirfarandi þætti fyrir barn/börn sín vegna fjárskorts á síðustu 12 mánuðum



Nótur. Einstæðar mæður: Barnapössun ( $n = 69$ ), sálfræðiþjónusta ( $n = 64$ ), gleraugu ( $n = 61$ ), tannréttingar ( $n = 58$ ), næringarríkan mat ( $n = 99$ ), nauðsynlegan fatnað ( $n = 98$ ), skólaferðalög ( $n = 75$ ), frístundastyrk ( $n = 84$ ), mat í skóla ( $n = 87$ ), leikskólagjöld ( $n = 47$ ). Mæður í sambúð: Barnapössun ( $n = 295$ ), sálfræðiþjónusta ( $n = 277$ ), gleraugu ( $n = 274$ ), tannréttingar ( $n = 281$ ), næringarríkan mat ( $n = 396$ ), nauðsynlegan fatnað ( $n = 397$ ), skólaferðalög ( $n = 313$ ), frístundastyrk ( $n = 338$ ), mat í skóla ( $n = 345$ ), leikskólagjöld ( $n = 259$ ).

Í töflu 2 getur að líta gagnlíkindi (e. *odds ratio*) á að upplifa fjárhagslega erfiðleika eftir fjölskylduformi. Fjórar tvíkostabreytur voru smíðaðar úr mælingunum á myndum 1 til 4 þar sem 0 = engir fjárhagserfiðleikar, 1 = einhverjir fjárhagserfiðleikar. *Afkoma heimilis* tók gildið 1 ef svarendur sögðu það frekar eða mjög erfitt að ná endum saman. *Efnislegur skortur* tók gildið einn ef svarendur upplifðu þrjá eða fleiri þætti talda upp á mynd 2, svo sem vanskil á leigu eða að geta ekki mætt óvæntum útgjöldum, en samkvæmt skilgreiningu búa svarendur við efnislegan skort sem búa á heimili þar sem þrír þættir eiga við og verulegan efnislegan skort ef þættirnir eru fjórir eða fleiri. *Fjárskortur vegna eigin þarfa* tók gildið 1 ef svarandi hafði upplifað einhverjar af þeim aðstæðum sem taldar eru upp á mynd 3, svo sem að geta ekki farið í klippingu eða keypt sér nauðsynlegan fatnað. Að lokum tók *fjárskortur vegna þarfa barna* gildið 1 ef mæðurnar höfðu staðið frammi fyrir því að geta ekki greitt fyrir einhvern af þeim þáttum sem taldir eru upp á mynd 4, eins og að greiða fyrir tómstundir fyrir börnin sín eða skólaferðalög.

Tafla 2 sýnir algengi hvernar tegundar skorts meðal einstæðra mæðra og mæðra í sambúð ásamt gagnlíkindahlutföllum (OR). Lagskiptar krosstöflur voru keyrðar til þess að stjórna fyrir áhrifum aldurs, fjölda barna, búsetuforms, menntunar og eigin tekna, (sjá viðauka), og sýnir tafla 2 því einnig leiðrétt gagnlíkindi fyrir hverja bakgrunnsbreytu. Niðurstöður sýna mjög skýran mun á fjárhagslegum erfiðleikum einstæðra mæðra og mæðra í sambúð. Á öllum fjórum mælikvörðum er hlutfall þeirra sem upplifa erfiðleika töluvert hærra meðal einstæðra mæðra. Óleiðréttu gagnlíkindin eru á bilinu 3,43 til 5,34 sem þýðir að einstæðar mæður eru á bilinu 3–5 sinnum líklegri til að upplifa fjárhagserfiðleika vegna afkomu heimilis, efnislegs skorts, fjárskorts vegna eigin þarfa og fjárskorts vegna þarfa barna. Á breytunni *afkoma heimilis* sögðu 35,6% einstæðra mæðra það frekar eða mjög erfitt að ná endum saman miðað við 9,4% mæðra í sambúð. Óleiðrétt gagnlíkindi eru 5,34 (95% ÖB: 3,16–9,02) og haldast há eftir leiðréttingar. Búsetuform er sá þáttur sem minnkar muninn mest (3,47, 95% ÖB: 2,09–5,70), en tengslin eru engu að síður sterk og marktæk. *Efnislegur skortur*, sem felur í sér að upplifa skort á þremur eða fleiri þáttum, er einnig marktækt algengari meðal einstæðra

mæðra (30,2% miðað við 7,9%). Óleiðrétt gagnlíkindi eru 5,06 (95% ÖB: 2,87–8,92) og haldast mjög há þegar leiðrétt er fyrir aldri (5,11, 95% ÖB: 2,90–9,00), menntun (4,52, 95% ÖB: 2,46–8,30) og tekjum (5,18, 95% ÖB: 2,80–9,60). Aftur dregur búsetuform mest úr stærð áhrifanna (3,82, 95% ÖB: 2,08–7,01), en tekst þó ekki að skýra sambandið að fullu.

*Fjárskortur vegna eigin þarfa* er algengari meðal einstæðra mæðra (54,4%) en mæðra í sambúð (25,8%) sem vísar til þess að þær eru líklegri til að hafa þurft að neita sér um einhver af þeim at-riðum sem sjá má á mynd 3. Óleiðrétt gagnlíkindi eru 3,43 (95% ÖB: 2,20–5,35). Þegar stjórnað er fyrir félags- og lýðfræðilegum þáttum helst sambandið áfram sterkt. Tekjuleiðrétt gagnlíkindi eru 3,75 (95% ÖB: 2,23–6,30) en búsetuform veikir sambandið mest (2,73, 95% ÖB: 1,71–4,36). Svipað mynstur birtist í *fjárskortur vegna þarfa barna* þar sem 34,0% einstæðra mæðra segja að fjárskortur hafi komið í veg fyrir að þær geti greitt fyrir einhverja þætti fyrir börnin sín (sjá mynd 4), samanborið við 11,2% mæðra í sambúð. Óleiðrétt gagnlíkindi eru 4,07 (95% ÖB: 2,45–6,76). Þegar stýrt er fyrir aldri eykst sambandið (4,15, 95% ÖB: 2,50–6,91), en búsetuform veikir það (2,73, 95% ÖB: 1,61–4,62). Aðrar breytur breyta litlu um niðurstöður.

**Tafla 2.** Mantel-Haenszel líkindi (OR) fyrir fjárhagserfiðleika hjá einstæðum mæðrum miðað við mæður í sambúð, með leiðréttingu fyrir helstu félags- og lýðbreytum

Háðar breytur			Óleiðrétt gagnlíkindi (95% CI)	Leiðrétt gagnlíkindi (OR)				
	Einstæðar mæður %	Mæður í sambúð %	OR	Aldur	Fjöldi barna	Búsetu- form	Menntun	Einstakl- ingstekjur
Afkoma heimilis	35,6%	9,4%	5,34	5,35	5,34	3,47	4,59	5,24
Efnislegur skortur	30,2%	7,9%	5,06	5,11	5,05	3,82	4,52	5,18
Fjárskortur vegna eigin þarfa	54,4%	25,8%	3,43	3,38	3,05	2,73	3,03	3,75
Fjárskortur vegna þarfa barna	34,0%	11,2%	4,07	4,15	3,88	2,73	3,41	4,10

*Nótur:* Gagnlíkindi yfir 1,0 gefa til kynna hærri líkindi á fjárhagserfiðleikum hjá einstæðum mæðrum í samanburði við mæður í sambúð. Gagnlíkindi (OR) og 95% öryggisbil byggja á Mantel-Haenszel greiningu. Allar sýndar tengslaniðurstöður eru tölfræðilega marktækar ( $p < 0,001$ ), þar sem öryggisbilin innihalda ekki 1,0.

Samantekið benda niðurstöður til þess að töluvert meiri líkur séu á að einstæðar mæður upplifi fjárhagserfiðleika samanborið við mæður í sambúð. Þegar stjórnað er fyrir aldri, fjölda barna, búsetuformi, menntun og tekjum helst þessi munur áfram sterkur og marktækur og í flestum tilvikum nokkuð svipaður eða aðeins lægri. Þetta bendir til þess að félags- og lýðfræðilegar skýringar dragi aðeins úr mismuninum en útskýri hann ekki að fullu. Leiðrétting fyrir búsetuformi hefur mest áhrif á gagnlíkindi á öllum fjórum útkomum og hefur þannig sterkari skýringarmátt en til dæmis einstaklingstekjur. Þetta þýðir að þegar leiðrétt er fyrir búsetuformi dregur verulega úr muni á fjárhagserfiðleikum einstæðra mæðra samanborið við mæður í sambúð. Með öðrum orðum, þegar tekið er tillit til húsnæðis dragast gagnlíkindi einstæðra mæðra til fjárhagserfiðleika meira saman en hjá hinum bakgrunnsbreytunum, sem bendir til þess að búsetuform skýri stærstan hluta þess munar sem sést á milli hópanna.


Þrátt fyrir að tengslin á milli fjölskylduforms og fjárhagserfiðleika haldist sterk og tölfræðilega marktæk eftir að stjórnað hefur verið fyrir helstu félags- og lýðfræðibreytum er mikilvægt að skoða sambandið innan hvers lags fyrir sig. Slík lagskipting gefur innsýn í hvort áhrif fjölskylduforms haldist stöðug milli allra undirhópa eða hvort tilteknir hópar dragi mest úr eða auki mest líkurnar á fjárhagserfiðleikum. Niðurstöðurnar sýna mjög skýrt mynstur þar sem munurinn á fjárhagserfiðleik-

um milli einstæðra mæðra og mæðra í sambúð er mestur meðal mæðra í eldri aldurshópnum (35–49 ára), mæðra á almennum leigumarkaði, mæðra með framhalds- eða háskólamenntun og mæðra með meðaltekjur. Það að tengslin séu sterkari í þessum hópnum bendir til þess að fjölskylduform skipti þar sérstaklega miklu máli; líkur á fjárhagserfiðleikum aukast hlutfallslega meira hjá einstæðum mæðrum í þessum aðstæðum en hjá mæðrum í sambúð. Þannig bætir til dæmis aukin menntun stöðu allra mæðra en bætir stöðu mæðra í sambúð mun meira. Þessar niðurstöður sýna ákveðnar kerfis-lægar hindranir, þar sem hefðbundnir verndarþættir á borð við menntun og meðaltekjur duga ekki til að draga úr áhættunni fyrir einstæðar mæður. Jafnframt staðfesta þessar niðurstöður mikilvægi húsnæðisöryggis þar sem munurinn á fjárhagserfiðleikum einstæðra mæðra og mæðra í sambúð er hvað skýrastur hjá þeim sem eru á almennum leigumarkaði.<sup>2</sup>

### Úrræði til að standa straum af kostnaði

Mynd 5 sýnir hvernig mæður nýta ýmiskonar lán, séreignarsparnað eða aðstoð frá vinum og ættingjum sem úrræði til þess að brúa bilið. Myndin sýnir skýran mun á milli hópanna en einstæðar mæður eru líklegri til að hafa tekið smálán (17% miðað við 7%) ( $\chi^2_{(12,518)} = 1, p < 0,010$ ), yfirdráttarlán (37% miðað við 24%) ( $\chi^2_{(7,211)} = 1, p < 0,010$ ) og önnur skammtímalán (17% miðað við 8%) ( $\chi^2_{(6,567)} = 1, p < 0,05$ ). Auk þess hafa þær í meiri mæli tekið út séreignarsparnað ( $\chi^2_{(4,125)} = 1, p < 0,05$ ) en á árinu áður en könnunin var lögð fyrir var gerð tímabundin undanþága frá reglum um greiðslur séreignarsparnaðar og öllum heimilt að sækja um útgreiðslu til neyslu (Skatturinn, e.d.). Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar eða peningagjafa er jafnframt algengari meðal einstæðra mæðra (27%) en mæðra í sambúð (14%) og tengslin eru marktæk ( $\chi^2_{(17,752)} = 3, p < 0,0001$ ). Niðurstöðurnar undirstrika að einstæðar mæður reiða sig í ríkari mæli en mæður í sambúð á bæði óformleg og formleg úrræði til að mæta daglegum þörfum sínum og barna sinna.

**Mynd 5.** Hlutfall þeirra sem hafa tekið lán eða þegið aðstoð frá vinum og ættingjum á síðustu 12 mánuðum



Nótur. Einstæðar mæður: Smálán ( $n = 103$ ), yfirdráttarlán ( $n = 103$ ), skammtímalán ( $n = 414$ ) og séreignarsparnaður ( $n = 415$ ), aðstoð frá vinum eða ættingjum ( $n = 100$ ).

Mæður í sambúð: Smálán ( $n = 415$ ), yfirdráttarlán ( $n = 415$ ), skammtímalán ( $n = 102$ ) og séreignarsparnaður ( $n = 102$ ), aðstoð frá vinum eða ættingjum ( $n = 416$ ).

2 Útreikningar höfunda úr töflum 1 til 4 í viðauka.

## Umræður og ályktanir

Í nýlegum úttektum og rannsóknum á félagslegum veruleika fólks í íslensku samfélagi hafa ítrekað komið fram sterkar vísbendingar um viðkvæma félagslega stöðu einforeldrisfjölskyldna. Það á meðal annars við um athuganir á fátækt (Halldór S. Guðmundsson o.fl., 2023; Kolbeinn H. Stefáns-son, 2019; Varða, 2023b) og stöðu á húsnæðismarkaði (Stjórnarráð Íslands, 2023). Í þessari grein er sjónum beint sérstaklega að stöðu einstæðra mæðra í samanburði við mæður í sambúð og/eða hjónabandi, en tæplega 85% einstæðra lögheimilisforeldra eru konur (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Leitast var við að svara hvernig ójöfnuður eftir fjölskylduformi birtist í fjárhagserfiðleikum og lífshæðum og hvort þann ójöfnuð megi skýra að einhverju eða öllu leyti með félags- og lýðfræðilegum þáttum eða aldri mæðra, fjölda barna, búsetuformi, menntun og einstaklingstekjum. Einnig eru dregin fram atriði sem lúta að veruleika barna og tækifærum til þátttöku í samfélaginu, með því að skoða möguleika mæðranna á að uppfylla grunnþarfir barna sinna. Niðurstöður benda til þess að staða einstæðra mæðra sé talsvert verri en mæðra í sambúð eða hjónabandi, sé horft til fyrrnefndra þátta.

Niðurstöðurnar styðja þannig að mestu við erlendar rannsóknir á stöðu einstæðra mæðra, sem sýna að þær eru líklegri til að búa við krefjandi fjárhagslegar aðstæður og upplifa efnislegan skort (Calegari o.fl., 2024; Lu o.fl., 2020; Wimer o.fl., 2021). Þær einstæðu mæður sem tóku þátt í þessari rannsókn eru ekki síður virkar á vinnumarkaði en mæður í sambúð og vinna gjarnan langa vinnudaga. Nokkuð stór hluti einstæðra mæðra í úrtakinu er í hærri tekjuhópum og stærstur hluti þeirra hefur lokið háskólamenntun. Hafa ber í huga að þar sem úrtakið byggir að hluta til á skráum Eflingar má ætla að hlutfall launafólks sé herra meðal svarenda en í þýði allra mæðra á aldrinum 25-49 ára. Það má því leiða líkum að því að til dæmis hlutfall einstæðra mæðra sem eru með örorkulífeyri sé herra í íslensku samfélagi en í úrtakinu hér. Engu að síður sýna niðurstöður fyrir þær mæður sem tóku þátt í þessari rannsókn að þessar einstæðu mæður mæta áherslum vestrænna velferðarsamfélaga um að með dugnaði, menntun og atvinnuþátttöku sé hægt að komast áfram af eigin rammleik (Heenan, 2021; Jun, 2019).

En þrátt fyrir að mæta þessum kröfum sýna niðurstöður okkar að þær eru mun líklegri en mæður í sambúð til að upplifa fjárhagserfiðleika, bæði hvað varðar að mæta sínum eigin þörfum og grunnþörfum barna sinna. Þetta mynstur helst jafnvel þegar stjórnað er fyrir helstu félags- og lýðfræðibreytum, þar á meðal aldri, fjölda barna, búsetuformi, menntun og tekjum. Út frá niðurstöðunum má ráða að mæðrum í eldri aldurshópum (35-49 ára) gangi verr að mæta fjárhagslegum áskorunum, sem gæti tengst hversu stór hópur einstæðra foreldra er líklegur til að búa við viðvarandi fátækt (Halldór S. Guðmundsson o.fl., 2023) eða vegna þess að þær hafi verið í hjónabandi en tekjur heimilisins lækkað vegna skilnaðar (Bostic, 2023). Þessu er ekki hægt að svara á grundvelli okkar gagna, en niðurstöðurnar gefa tilefni til frekari rannsókna.

Menntun og atvinnuþátttaka eru gjarnan talin lausn á krefjandi aðstæðum einstæðra foreldra og leiðin til þess að vinna sig upp úr fátækt, og notuð sem ástæða til að takmarka opinberan stuðning í gegnum bótakerfi (Nieuwenhuis og Maldonado, 2018; Webb og Lorant, 2018). Niðurstöður okkar sýna að háskólamenntun dregur úr líkum á fjárhagserfiðleikum hjá bæði einstæðum mæðrum og mæðrum í sambúð miðað við konur með grunnskólamenntun. Einstæðar mæður eru þó í meiri hættu á að líða efnislegan skort en mæður í sambúð, jafnvel þó þær séu með háskólamenntun. Einstaklings-tekjur draga einungis úr vandanum hjá þeim sem eru í hæsta tekjuhópnum en ekki hinum. Mæður á almennum leigumarkaði eru í sérstakri áhættu þar sem há leiga og óstöðugt húsnæðisöryggi magnar upp áhrif þess að vera eina fyrirvinnan á heimili, en búsetuform var sú breyta sem mest skýrði í sambandinu á milli fjölskylduforms og fjárhagserfiðleika. Því er mikilvægt að beina aðgerðum að þeim hópi með því að tryggja aukið húsnæðisöryggi.

Þó að skýra megi muninn á stöðu einstæðra mæðra og mæðra í sambúð að hluta með fyrrgreindum félags- og lýðfræðibreytum þá helst sambandið sterkt og tölfræðilega marktækt eftir slíka stjórnun. Þetta bendir til kerfislags vanda þar sem fjölskylduformið sjálft tengist aukinni áhættu á fjárhags-erfiðleikum óháð bakgrunnsbreytum. Einstæðar mæður eiga erfitt með að ná endum saman og búa

við efnislegan skort, enda ráðstöfunartekjur þeirra heimila eftir skatta og fastar greiðslur langt undir ráðstöfunartekjum heimila mæðra í sambúð. Vegna þessa hafa einstæðar mæður leitað ólíkra leiða til að brúa það kostnaðarbil sem skapast og leitað á náðir dýrra smálána og aðstoðar frá vinum og ættingjum til að ná endum saman. Einstæðu mæðurnar eru frekar í þeirri stöðu að vera á óöruggum leigumarkaði sem getur meðal annars útskýrt þörf fyrir slíkar fjáröflunarleiðir. Rannsóknir hafa sýnt að erfitt er fyrir fólk að komast af leigumarkaði í eigin húsnæði og á það sérstaklega við um einstæða foreldra (Sierminska, 2018), sem verður til þess að takmarka tækifæri þeirra til að bæta fjárhagsstöðu sína. Allt þetta rennir stoðum undir niðurstöður Nieuwenhuis (2022) um að skipulag og viðmið um lífsgæði í vestrænum velferðarsamfélögum stýrist af aðstæðum heimila þar sem fyrirvinnur eru tvær, þrátt fyrir að fjölskylduform séu sífellt að verða fjölbreyttari.

Ljóst er að þessi veruleiki kemur niður á börnum og tækifærum þeirra. Niðurstöður okkar styðja við fyrri rannsóknir sem sýna að börn einstæðra mæðra séu mun líklegri til að lifa í fátækt en börn sem búa á heimili með tveimur foreldrum (Bostic, 2023). Mæðurnar eiga erfitt með að ná endum saman, sem veldur því að þær eiga erfitt með að stranda straum af útgjöldum sem tengjast daglegum þörfum og félagslegri þátttöku barna sinna. Erfiðleikar þeirra við að greiða nauðsynlegan kostnað fyrir börn sín (svo sem gleraugu) gefur til kynna að einstæðar mæður séu í viðkvæmari stöðu gagnvart óvæntum eða auknum kostnaði sem tengist börnum þeirra, sérstaklega þegar opinber stuðningur dugur ekki til, sem gæti einnig útskýrt hversu stór hluti þeirra hefur þurft að taka yfirdrátt eða smálán. Stórt hlutfall einstæðra mæðra getur ekki greitt kostnað umfram frístundastyrk, sem gefur til kynna að þau börn geti ekki æft íþrótt eða tekið þátt í tómstundastarfi til jafns við önnur börn. Mæðurnar í rannsókninni höfðu jafnframt ekki getað greitt kostnað við skólaferðalög, mat, leikskólagjöld og nauðsynlegan fatnað fyrir börn sín. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður annarra kannana á stöðu barnafjölskyldna (Varða, 2023b). Rannsóknir á börnum sem lifa við fátækt (t.d. Härkönen, 2018; Hervör Alma Árnadóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir, 2019) sýna glögglega hversu mikil áhrif það getur haft á aðgengi þeirra að félagslegum viðburðum, námstækifærum og framtíðarmöguleikum.

Takmarkanir rannsóknarinnar felast í fyrsta lagi í að könnuninni svöruðu eingöngu rúmlega 100 einstæðar mæður. Úrtakið byggir á símakönnun og eins og áður kom fram eru jaðarsettir hópar, eins og þau sem eru utan vinnumarkaðar eða tilheyra lágtekjuhópum, síður líklegir til þess að svara slíkum könnunum. Niðurstöður okkar vanmeta því mögulega stöðu þeirra einstæðu mæðra sem standa verst fjárhagslega, eru utan vinnumarkaðar eða eru með örorkulífeyri. Takmarkanir felast þó einna helst í að við vitum hvorki hvers vegna mæðurnar eru einstæðar, hvort þær hafi alltaf verið það eða hversu lengi, né hversu mikinn þátt feður barnanna taka í kostnaði og umönnun barnanna. Staða einstæðra mæðra getur verið mismunandi eftir því hvort þær hafa alltaf verið einar með börnin sín, eru fráskildar eða ekkjur (Bostic, 2023). Færst hefur í vöxt að foreldrar sem ekki búa saman deili kostnaði og umönnun barna sinna, sem skiptir miklu máli upp á lífsgæði einstæðra mæðra og barna þeirra (Íris Dögg Lárusdóttir o.fl., 2024). Það breytir því þó ekki að einstæðir foreldrar þurfa einir að standa straum af umfangsmiklum kostnaðarliðum, eins og húsnæðiskostnaði.

Ef við gerum ráð fyrir að nokkur hluti kvennanna í þessari rannsókn deili ábyrgð og kostnaði með barnsfeðrum sínum, getum við ætlað að þær sem gera það ekki og bera að mestu einar ábyrgð á börnum sínum séu í enn viðkvæmari stöðu en niðurstöður gefa til kynna. Tilefni er til að rannsaka stöðu einstæðra mæðra betur með þessi atriði í huga. Einstæðar mæður með veikt félagslegt bakland, svo sem innflytjendur, þarf að skoða betur. Þá nær rannsóknin aðeins til kvenna, en ljóst er að einstæðir feður glíma einnig við ýmsar áskoranir sem feður í sambúð og/eða hjónabandi gera ekki (Lanza-León og Cantarero-Prieto, 2024), sem þarfnast frekari rannsóknar í íslensku samhengi.

Byggt á niðurstöðum þessarar rannsóknar er ljóst að opinber stuðningur við fjölskyldur þarf að vera næmur fyrir þörfum einforeldrisfjölskyldna, þar sem aðeins er ein fyrirvinna. Tækifæri þeirra til að vinna sig upp úr fátækt eru takmörkuð, enda hafa rannsóknir sýnt að einstæðir foreldrar eru stærsti hópur þeirra sem búa við langtímafátækt (Halldór S. Guðmundsson o.fl., 2023; Maldonado

og Nieuwenhuis, 2015). Niðurstöður rannsóknarinnar renna stoðum undir að hér sé um kerfislægan vanda að ræða en ekki einstaklingsbundinn. Það sést meðal annars á að þrátt fyrir að margar einstæðar mæður í rannsókninni hafi lokið háskólamenntun, vinni margar stundir og séu tiltölulega fáar í hópi þeirra sem hafa lægstu launin, þá er samfélagið hannað fyrir tvær fyrirvinnur og opinber inngríp ekki næm fyrir þörfum einstæðra foreldra. Má þar nefna tekjuskerðingu barnabóta (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017) og nýlegar breytingar á afsláttarumhverfi leikskólajaldanna víða um land. Nokkur fjölmenn sveitarfélög eru hætt að gefa afslátt af leikskólajöldum til einstæðra foreldra og miða þess í stað við ákveðin tekjubil, sem veldur því að einstæðir foreldrar með tekjur yfir meðallagi fá takmarkaðan eða engan afslátt. Á sama tíma hafa verið settir upp hvatar fyrir foreldra til að takmarka dvöl barna sinna á leikskólum við sex tíma á dag (t.d. Akureyrarbær, e.d.; Kópavogsbær, 2023). Til að jafna stöðu barna einstæðra foreldra verða afsláttarkerfi að vera næm fyrir fjölskyldugerð og vistunartími nægilega langur svo einstæðir foreldrar hafi tækifæri til að stunda fulla atvinnu, en niðurstöður rannsóknarinnar sýna glögglega að hópur einstæðra foreldra á í erfiðleikum með að greiða dagvistunargjöld og að einstæðar mæður vinna langa vinnudaga.

Þessar niðurstöður varpa skýru ljósi á ójöfnuð meðal kvenna í íslensku samfélagi, sem endurspeglast meðal annars í krefjandi fjárhagslegri stöðu einstæðra mæðra og efnislegum skorti í samamburði við mæður í sambúð. Þessi ójöfnuður kristallast ekki síst í möguleikum þeirra fyrrnefndu á að uppfylla grunnþarfir barna sinna og stuðla að tækifærum þeirra til þátttöku í samfélaginu, bæði í nútíð og til framtíðar.

## Heimildaskrá

- Akureyrarbær. (e.d.). *Reiknivél leikskólajalda hjá Akureyrarbæ*. <https://reiknivelar.akureyri.is/leikskolar/>
- Angsten, C. A. og James, H. (2025). Motherhood and money: How motherhood shapes everyday financial practices. *The Sociological Review*. <https://doi.org/10.1177/00380261251320036>
- Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rüdólfadóttir. (2022). First an obstacle, then every woman's dream: Discourses of motherhood in print media, 1970–1979 versus 2010–2019. *NORA – Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 30(4), 236–248. <https://doi.org/10.1080/08038740.2022.2139753>
- Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2008). Jafnt til skiptis? Tvískipt búseta barna og samskipti þeirra við foreldra. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 151–158). Félagsvísindastofnun.
- Ásdís Arnalds og Duvander, A.-Z. (2023). Arranging care in two Nordic countries: A comparison of paid parental leave use and ECEC start in Iceland and Sweden. *Journal of Family Research*, 35, 471–488. <https://doi.org/10.20377/jfr-896>
- Boroumand, K. (2022). Lone motherhood and welfare feminism: A comparative case study of Iceland and Denmark. *Social Politics*, 29(1), 141–163. <https://doi.org/10.1093/sp/jxab036>
- Bostic, A. (2023). Family, work, economy, or social policy: Examining poverty among children of single mothers in affluent democracies between 1985 and 2016. *Population Research and Policy Review*, 42(4), 59. <https://doi.org/10.1007/s11113-023-09805-y>
- Calder, G. (2018). Social justice, single parents and their children. Í R. Nieuwenhuis og L. C. Maldonado (ritstj.), *The triple bind of single-parent families: Resources, employment and policies to improve wellbeing* (bls. 421–436). Policy Press.
- Calegari, E., Fabrizi, E. og Mussida, C. (2024). State dependence in material and social deprivation in European single-parent households. *Social Indicators Research*, 172, 481–498. <https://doi.org/10.1007/s11205-024-03317-8>
- Clisby, S. og Holdsworth, J. (2014). *Gendering women-identity and mental wellbeing*. Bristol University Press; Policy Press.
- DeJean, S. L., McGeorge, C. R. og Stone Carlson, T. (2012). Attitudes toward never-married single mothers and fathers: Does gender matter? *Journal of Feminist Family Therapy*, 24(2), 121–138. <https://doi.org/10.1080/08952833.2012.648121>
- Esteve, A., Pohl, M., Becca, F., Fang, H., Galeano, J., García-Román, J., Reher, D., Trias-Prats, R. og Turu, A. (2024). A global perspective on household size and composition, 1970–2020. *Genus*, 80, 2. <https://doi.org/10.1186/s41118-024-00211-6>
- Eurostat. (e.d.). *Glossary: Severe material and social deprivation rate (SMSD)*. [https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Glossary:Severe\\_material\\_and\\_social\\_deprivation\\_rate\\_\(SMSD\)](https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Glossary:Severe_material_and_social_deprivation_rate_(SMSD))
- Eurostat. (2018). *Living conditions in Europe: 2018 edition*. European Union. <https://doi.org/10.2785/39876>
- Fritzell, S., Gähler, M. og Fransson, E. (2020). Child living arrangements following separation and mental health of parents in Sweden. *SSM – Population Health*, 10, 100511. <https://doi.org/10.1016/j.ssmph.2019.100511>
- Giles, M. V. (2014). Introduction: An alternative mother-centred economic paradigm. Í M. V. Giles (ritstj.), *Mothering in the age of neoliberalism* (bls. 1–30). Demeter Press.

- Guðný Björk Eydal. (2018). Policies and practices for single parents in Iceland. Í R. Nieuwenhuis og L. C. Maldonado (ritstj.), *The triple bind of single-parent families: Resources, employment and policies to improve wellbeing* (bls. 383–400). Policy Press.
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Fjölskyldan. Fjöldi kjarnafjölskyldna eftir fjölskyldugerð*. <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/fjolskyldan/fjolskyldan/>
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi og ríkisfangi 1998–2025*. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_mannfjoldi\\_3\\_bakgrunnur\\_Rikisfang/MAN04203.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_3_bakgrunnur_Rikisfang/MAN04203.px)
- Hagstofa Íslands. (e.d.-c). *Menntunarstaða*. <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/menntunarstada/>
- Hagstofa Íslands. (2024, 26. september). *Skortur á efnislegum gæðum 3,7% árið 2023*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/felagsmal/skortur-a-efnislegum-gaedum-2023/>
- Halldór S. Guðmundsson, Herdís Steingrimsdóttir, Kolbeinn H. Stefánsson og Kjartan Ólafsson. (2023). *Fátækt og áætl-aður samfélagslegur kostnaður: Skýrsla forsætisráðherra*. Stjórnarráð Íslands. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/F%0c3%0a1t%0c3%0a6kt%20og%20%0c3%0a1%0c3%0a6tla%0c3%0b0ur%20samf%0c3%0a9lagslegur%20kostna%0c3%0b0ur.pdf>
- Härkönen, J. (2018). Single-mother poverty: How much do educational differences in single motherhood matter? Í R. Nieuwenhuis og L. C. Maldonado (ritstj.), *The triple bind of single-parent families: Resources, employment and policies to improve wellbeing* (bls. 31–50). Policy Press.
- Heenan, A. (2021). Neoliberalism, family law, and the devaluation of care. *Journal of Law and Society*, 48(3), 386–409. <https://doi.org/10.1111/jols.12308>
- Hervör Alma Árnadóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir. (2019). „Við eigum ekkert hús“: Reynsla og upplifun barna af því að búa við fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa*, 13(1), 13–20. <https://felagsradgjof.is/wp-content/uploads/2022/10/2916-4375-1-PB.pdf>
- Ingólfur V. Gíslason og Sunna Símonardóttir. (2018). Mothering and gender equality in Iceland: Irreconcilable opposites? *Social Policy and Society*, 17(3), 457–466. <https://doi.org/10.1017/S1474746417000525>
- Íris Dögg Lárusdóttir, Guðný Björk Eydal og Ásdís A. Arnalds. (2024). The influence of shared parental leave and care on lone mothers’ financial resources: The case of Iceland. *Community, Work & Family*, 27(3), 374–391. <https://doi.org/10.1080/13668803.2022.2120383>
- Jain, M. og Mahmoodi, V. (2022). Being one in a world of twos: Experiences and consequences of single parenting. Graduate Student. *Journal of Psychology*, 18, 1–21. <https://doi.org/10.52214/gsjp.v18i.10930>
- Jun, M. (2019). Doing the right thing? UK lone mothers on benefits and their sense of entitlement to leisure. *Critical Social Policy*, 39(3), 356–375. <https://doi.org/10.1177/0261018318816933>
- Kolbeinn H. Stefánsson. (2019). *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004–2016: Skýrsla unnin fyrir velferðarvaktina. Edda öndvegissetur*. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=fe83e85e-3b3b-11e9-9435-005056bc530c>
- Kópavogsbær. (2023). *Reiknivél leikskólagjalda*. <https://www.kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/reiknivél-leikskolagjalda>
- Lanza-León, P. og Cantarero-Prieto, D. (2024). The loud silent side of single parenthood in Europe: Health and socio-economic circumstances from a gender perspective. *Journal of Family and Economic Issues*, 46, 479–491. <https://doi.org/10.1007/s10834-024-09954-y>
- Låftman, S. B. (2010). Family structure and children’s living conditions. A comparative study of 24 countries. *Child Indicators Research*, 3(1), 127–147. <https://doi.org/10.1007/s12187-009-9059-1>
- Lu, Y. C., Walker, R., Richard, P. og Younis, M. (2020). Inequalities in poverty and income between single mothers and fathers. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 17(1), 135. <https://doi.org/10.3390/ijerph17010135>
- Mackenzie, J. (2023). ‘I had to work through what people would think of me’: Negotiating ‘problematic single motherhood’ as a solo or single adoptive mum. *Critical Discourse Studies*, 20(1), 88–105. <https://doi.org/10.1080/17405904.2021.1997775>
- Maldonado, L. C. og Nieuwenhuis, R. (2015). Family policies and single parent poverty in 18 OECD countries, 1978–2008. *Community, Work & Family*, 18(4), 395–415. <https://doi.org/10.1080/13668803.2015.1080661>
- Menntavísindastofnun. (2024). Íslenska æskulýðsrannsóknin: Landsskýrsla, farsældarvísar grunnskóla vorönn 2024. [https://iae.is/wp-content/uploads/2024/11/IAEgrunnsk24\\_landsskyrsla\\_loka.pdf](https://iae.is/wp-content/uploads/2024/11/IAEgrunnsk24_landsskyrsla_loka.pdf)
- Morville, A.-L. og Erlandsson, L. K. (2016). Methodological challenges when doing research that included ethnic minorities: A scoping review. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 23(6), 405–415. <https://doi.org/10.1080/11038128.2016.1203458>
- Nieuwenhuis, R. (2022). Single parents competing in a dual-earner society: Social policy to level the playing field. *The ANNALS of the American Academy of Political and Social Science*, 702(1), 114–128. <https://doi.org/10.1177/00027162221122686>
- Nieuwenhuis, R. og Maldonado, L. C. (2018). The triple bind of single-parent families: Resources, employment and policies. Í R. Nieuwenhuis og L. C. Maldonado (ritstj.), *The triple bind of single-parent families: Resources, employment and policies to improve wellbeing* (bls. 1–28). Policy Press.
- Odenbring, Y. (2018). The daily life and reality behind child poverty in Sweden: Children’s and adolescents’ voices. *Child Indicators Research*, 12, 847–859. <https://doi.org/10.1007/s12187-018-9558-z>
- Raudasoja, M., Sorkkila, M., Laitila, A. og Aunola, K. (2022). “I feel many contradictory emotions”: Finnish mothers’ discursive struggles with motherhood. *Journal of Marriage and Family*, 84(3), 752–772. <https://doi.org/10.1111/jomf.12828>

- Roman, C. (2017). Between money and love: Work-family conflict among Swedish low-income single mothers. *Nordic Journal of Working Life Studies*, 7(3), 23–41. <https://doi.org/10.18291/njwls.v7i3.97093>
- Sierminska, E. (2018). The ‘wealth-being’ of single parents. Í R. Nieuwenhuis og L. C. Maldonado (ritstj.), *The triple bind of single-parent families: Resources, employment and policies to improve wellbeing* (bls. 51–80). Policy Press.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2009). Samskipti foreldra og barna eftir skilnað. Í Halldór Sigurður Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), *Þjóðarspegil* (bls. 119–130). Félagsvísindastofnun.
- Skatturinn. (e.d.). *Aðgerðir vegna heimsfaraldurs COVID-19: Úttekt séreignarsparnaðar*. <https://www.skatturinn.is/einstaklingar/covid/>
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. (2017). *Ójöfnuður á Íslandi: Skipting tekna og eigna í fjölþjóðlegu samhengi*. Háskólaútgáfan.
- Stjórnarráð Íslands. (2023). *Grænbók um húsnæðismál. Stöðumat og valkostir*. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengd-skjol/Graenbok%20um%20husnaedis-%20og%20mannvirkjamal\\_endanleg%20utgafa.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengd-skjol/Graenbok%20um%20husnaedis-%20og%20mannvirkjamal_endanleg%20utgafa.pdf)
- Sunna Símonardóttir. (2016). Constructing the attached mother in the “world’s most feminist country”. *Women’s Studies International Forum*, 56, 103–112. <https://doi.org/10.1016/j.wsif.2016.02.015>
- Sunna Símonardóttir. (2024). “Unless I could be like the typical dad”: Exploring parenthood through the perspective of the voluntarily childfree. *Acta Sociologica*, 67(4), 463–477. <https://doi.org/10.1177/00016993241260608>
- Varða. (2023a). *Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs: Niðurstöður spurningakönnunar meðal foreldra barna á aldrinum 12 mánaða til 12 ára*. [https://www.rannvinn.is/\\_files/ugd/61b738\\_8c725099850442528934919dfd7378cc.pdf](https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_8c725099850442528934919dfd7378cc.pdf)
- Varða. (2023b). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*. [https://www.rannvinn.is/\\_files/ugd/61b738\\_42efc9dcc153415fa4726d21f521985e.pdf](https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_42efc9dcc153415fa4726d21f521985e.pdf)
- Varða. (2024). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*. [https://www.rannvinn.is/\\_files/ugd/61b738\\_83957a23b0a7423e86439aeacfa73cc9.pdf](https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_83957a23b0a7423e86439aeacfa73cc9.pdf)
- Vinnumálastofnun. (2024). *Ársskýrsla Vinnumálastofnunar vegna Fæðingarorlofssjóðs*. <https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2Q0Ay0mTF4o6ImjNkk8obc/1f0741c2e4c94f91e5b639e9f51d945d/VMS-arsskyrsla-faedingarorlof-sjods-2024-220725.pdf>
- Webb, R. T. og Lorant, V. (2018). Neoliberal welfare reform and single parents’ mental health. *The Lancet Public Health*, 3(7), 307–308. [https://doi.org/10.1016/S2468-2667\(18\)30116-6](https://doi.org/10.1016/S2468-2667(18)30116-6)
- Wimer, C., Fox, L., Garfinkel, I., Kaushal, N., Nam, J. og Waldfogel, J. (2021). Trends in the economic wellbeing of unmarried-parent families with children: New estimates using an improved measure of poverty. *Population Research and Policy Review*, 40, 1253–1276. <https://doi.org/10.1007/s11113-021-09673-4>
- Zagel, H. og Hübgen, S. (2018). A life-course approach to single mothers’ economic wellbeing in different welfare states. Í R. Nieuwenhuis og L. C. Maldonado (ritstj.), *The triple bind of single-parent families: Resources, employment and policies to improve wellbeing* (bls. 171–193). Policy Press.
- Þóra Kristín Þórsdóttir. (2024, 7. maí). *Helmingur foreldra innan BHM á erfitt með að ná endum saman*. BHM. <https://www.bhm.is/greinar/helmingur-foreldra-innan-bhm-a-erfitt-med-ad-na-endum-saman>

## Um höfunda

**BERGLIND HÓLM RAGNARSDÓTTIR** (bhr@unak.is) er lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Hún lauk doktorsgráðu í félagsfræði frá Háskóla New York borgar (City University of New York) árið 2019. <https://orcid.org/0000-0002-7537-7967>

**VALGERÐUR S. BJARNADÓTTIR** (vsb@hi.is) er dósent við deild menntunar og margbreytileika á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsgráðu í menntavísindum frá Háskóla Íslands árið 2019. <https://orcid.org/0000-0002-2506-8111>

**BERGLJÓT ÞRASTARDÓTTIR** (bergljotth@unak.is) er lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hún lauk doktorsgráðu í menntavísindum við deild menntunar og margbreytileika við Háskóla Íslands árið 2023. <https://orcid.org/0000-0002-3362-9572>

## Viðauki

**Tafla 1.** Lagskiptar krosstöflur fyrir *afkomu heimilis*, eftir aldri, fjölda barna, búsetuformi, menntun og tekjum. Hlutfall mæðra sem eiga frekar eða mjög erfitt með að ná endum saman.

		Útkoma			$\chi^2(df=1)$
		Heimilið kemst vel af/tekst að ná endum saman	Frekar/mjög erfitt að ná endum saman	<i>N</i>	
<b>Aldur</b>					
	Aldur 25-34 ára	Einstæðar mæður	64,3%	35,7%	28
	Mæður í sambúð	91,1%	8,9%	123	
Aldur 35-49 ára	Einstæðar mæður	64,4%	35,6%	73	31,55, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	90,4%	9,6%	293	
<b>Alls</b>				<b>517</b>	<b>45,21, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Fjöldi barna</b>					
Eitt barn	Einstæðar mæður	62,5%	37,5%	48	18,79, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	90,7%	9,3%	118	
Tvö börn	Einstæðar mæður	73,2%	27,0%	41	9,39, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	90,8%	9,2%	174	
Þrjú eða fleiri börn	Einstæðar mæður	46,2%	53,8%	13	18,81, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	90,2%	9,8%	122	
<b>Alls</b>				<b>516</b>	<b>44,10, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Búsetuform</b>					
Í eigin húsnæði	Einstæðar mæður	79,2%	20,8%	48	12,96, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	94,1%	5,9%	323	
Á almennum leigumarkaði	Einstæðar mæður	52,5%	47,5%	40	8,65, $p = 0,003$
	Mæður í sambúð	79,2%	20,8%	72	
Önnur búsetuúrræði	Einstæðar mæður	46,2%	53,8%	13	1,30, $p = 0,253$
	Mæður í sambúð	66,7%	33,3%	18	
<b>Alls</b>				<b>514</b>	<b>43,40, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Menntun</b>					
Grunnskólapróf	Einstæðar mæður	50,0%	50,0%	20	5,85, $p = 0,016$
	Mæður í sambúð	78,6%	21,4%	56	
Stúdentspróf eða starfstengt nám	Einstæðar mæður	62,9%	37,1%	35	12,32, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	88,6%	11,4%	114	
Háskólapróf	Einstæðar mæður	75,0%	25,0%	44	17,56, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	94,3%	5,7%	245	
<b>Alls</b>				<b>514</b>	<b>40,82, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Tekjuhópar</b>					
Lágar tekjur	Einstæðar mæður	75,0%	25,0%	12	0,18, $p = 0,676$
	Mæður í sambúð	80,3%	19,7%	66	
Meðalháar tekjur	Einstæðar mæður	50,0%	50,0%	40	21,15, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	85,0%	15,0%	133	
Háar tekjur	Einstæðar mæður	73,8%	25,2%	42	27,00, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	97,1%	2,9%	175	
<b>Alls</b>				<b>468</b>	<b>39,04, <math>p &lt; 0,001</math></b>

**Tafla 2.** Lagskiptar krosstöflur fyrir *efnislegan skort*, eftir aldri, fjölda barna, búsetuformi, menntun og tekjum. Hlutfall mæðra sem svara þremur eða fleiri atriðum játandi.

Aldur		Útkoma			$\chi^2(df=1)$
		Enginn skortur	Efnislegur skortur (þrjú eða fleiri þættir)	N	
Aldur 25-34 ára	Einstæðar mæður	75,0%	25,0%	28	5,33, $p = 0,021$
	Mæður í sambúð	90,8%	9,2%	120	
Aldur 35-49 ára	Einstæðar mæður	67,2%	32,8%	67	32,98, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	92,7%	7,3%	286	
<b>Alls</b>				<b>501</b>	<b>36,92, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Fjöldi barna</b>					
Eitt barn	Einstæðar mæður	67,4%	32,6%	46	10,90, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	89,0%	11,0%	118	
Tvö börn	Einstæðar mæður	73,0%	27,0%	37	21,00, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	95,9%	4,1%	169	
Þrjú eða fleiri börn	Einstæðar mæður	66,7%	33,3%	12	5,50, $p = 0,019$
	Mæður í sambúð	89,9%	10,1%	119	
<b>Alls</b>				<b>501</b>	<b>36,92, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Búsetuform</b>					
Í eigin húsnæði	Einstæðar mæður	76,6%	23,4%	47	16,49, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	94,0%	6,0%	318	
Á almennum leigumarkaði	Einstæðar mæður	67,6%	32,4%	37	9,40, $p = 0,002$
	Mæður í sambúð	91,2%	98,8%	68	
Önnur búsetuúrræði	Einstæðar mæður	50,0%	50,0%	12	0,22, $p = 0,638$
	Mæður í sambúð	58,8%	41,2%	17	
<b>Alls</b>				<b>499</b>	<b>35,83, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Menntun</b>					
Grunnskólapróf	Einstæðar mæður	56,3%	43,8%	16	1,46, $p = 0,227$
	Mæður í sambúð	72,2%	27,8%	54	
Stúdentspróf eða starfstengt nám	Einstæðar mæður	55,9%	44,1%	34	30,84, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	94,5%	5,5%	109	
Háskólapróf	Einstæðar mæður	88,1%	11,9%	42	3,68, $p = 0,055$
	Mæður í sambúð	95,5%	4,5%	243	
<b>Alls</b>				<b>498</b>	<b>33,09, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Tekjuhópar</b>					
Lágar tekjur	Einstæðar mæður	50,0%	50,0%	12	11,78, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	90,2%	9,8%	61	
Meðalháar tekjur	Einstæðar mæður	55,6%	44,4%	36	14,22, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	84,7%	15,3%	131	
Háar tekjur	Einstæðar mæður	87,2%	12,8%	39	6,98, $p = 0,008$
	Mæður í sambúð	95,3%	4,7%	212	
<b>Alls</b>				<b>452</b>	<b>31,91, <math>p &lt; 0,001</math></b>

**Tafla 3.** Lagskiptar krosstöflur fyrir fjárskort vegna eigin þarfa, eftir aldri, fjölda barna, búsetuformi, menntun og tekjum. Hlutfall þeirra sem segja fjárskort hafa komið í veg fyrir að þær gætu greitt að minnsta kosti einn þátt fyrir sig sjálfar.

Stjórnbreytur		Útkoma			$\chi^2(df=1)$
Aldur		Engin skortur	Einhver skortur	<i>N</i>	
Aldur 25-34 ára	Einstæðar mæður	53,3%	46,7%	30	1,49, $p = 0,222$
	Mæður í sambúð	65,3%	34,7%	124	
Aldur 35-49 ára	Einstæðar mæður	42,5%	57,5%	73	35,76, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	78,0%	22,0%	295	
<b>Alls</b>				<b>522</b>	<b>31,37, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Fjöldi barna</b>					
Eitt barn	Einstæðar mæður	43,8%	56,3%	48	6,20, $p = 0,013$
	Mæður í sambúð	64,7%	35,3%	119	
Tvö börn	Einstæðar mæður	52,4%	47,6%	42	9,26, $p = 0,002$
	Mæður í sambúð	76,0%	24,0%	175	
Þrjú eða fleiri börn	Einstæðar mæður	30,8%	69,2%	13	15,82, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	80,5%	19,5%	123	
<b>Alls</b>				<b>520</b>	<b>31,01, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Búsetuform</b>					
Í eigin húsnæði	Einstæðar mæður	55,1%	44,9%	49	13,06, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	78,8%	21,2%	326	
Á almennum leigumarkaði	Einstæðar mæður	36,6%	63,4%	41	5,60, $p = 0,018$
	Mæður í sambúð	59,7%	40,3%	72	
Önnur búsetuúrræði	Einstæðar mæður	47,1%	52,9%	13	0,81, $p = 0,367$
	Mæður í sambúð	30,8%	69,2%	17	
<b>Alls</b>				<b>518</b>	<b>33,32, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Menntun</b>					
Grunnskólapróf	Einstæðar mæður	45,0%	55,0%	20	0,99, $p = 0,319$
	Mæður í sambúð	57,9%	42,1%	57	
Stúdentspróf eða starfstengt nám	Einstæðar mæður	33,3%	66,7%	36	14,54, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	69,0%	31,0%	113	
Háskólapróf	Einstæðar mæður	58,1%	41,9%	57	10,37, $p = 0,001$
	Mæður í sambúð	80,5%	19,5%	307	
<b>Alls</b>				<b>515</b>	<b>28,89, <math>p &lt; 0,001</math></b>
<b>Tekjuhópar</b>					
Lágar tekjur	Einstæðar mæður	33,3%	66,7%	12	3,61, $p = 0,058$
	Mæður í sambúð	62,7%	37,3%	67	
Meðalháar tekjur	Einstæðar mæður	25,0%	75,0%	40	14,93, $p < 0,001$
	Mæður í sambúð	59,8%	40,2%	132	
Háar tekjur	Einstæðar mæður	71,4%	28,6%	42	8,02, $p = 0,005$
	Mæður í sambúð	88,6%	11,4%	176	
<b>Alls</b>				<b>469</b>	<b>25,48, <math>p &lt; 0,001</math></b>

**Tafla 4.** Lagskiptar krosstöflur fyrir fjárskortur vegna þarfa barna, eftir aldri, fjölda barna, búsetuformi, menntun og tekjum. Hlutfall þeirra sem segja að fjárskortur hafi komið í veg fyrir að þær gætu greitt að minnsta kosti einn þátt fyrir börnin sín.

Stjórnbreytur		Útkoma			N	$\chi^2(df=1)$
		Enginn skortur	Einhver skortur			
<b>Aldur</b>						
Aldur 25-34 ára	Einstæðar mæður	70,0%	30,0%	30	5,78, $p = 0,016$	
	Mæður í sambúð	87,8%	12,2%	123		
Aldur 35-49 ára	Einstæðar mæður	64,4%	35,6%	73	28,18, $p < 0,001$	
	Mæður í sambúð	89,5%	10,5%	295		
<b>Alls</b>				<b>521</b>	<b>33,22, <math>p &lt; 0,001</math></b>	
<b>Fjöldi barna</b>						
Eitt barn	Einstæðar mæður	66,0%	34,0%	47	10,20, $p = 0,001$	
	Mæður í sambúð	87,4%	12,6%	119		
Tvö börn	Einstæðar mæður	69,0%	31,0%	42	10,88, $p < 0,001$	
	Mæður í sambúð	89,1%	10,9%	175		
Þrjú eða fleiri börn	Einstæðar mæður	61,5%	38,5%	13	8,86, $p = 0,003$	
	Mæður í sambúð	90,2%	9,2%	123		
<b>Alls</b>				<b>519</b>	<b>31,26, <math>p &lt; 0,001</math></b>	
<b>Búsetuform</b>						
Í eigin húsnæði	Einstæðar mæður	71,4%	28,6%	49	21,04, $p < 0,001$	
	Mæður í sambúð	92,6%	7,4%	326		
Á almennum leigumarkaði	Einstæðar mæður	58,5%	41,5%	41	5,48, $p = 0,019$	
	Mæður í sambúð	79,2%	20,8%	72		
Önnur búsetuúrræði	Einstæðar mæður	55,6%	44,4%	13	0,60, $p = 0,440$	
	Mæður í sambúð	69,2%	30,8%	18		
<b>Alls</b>				<b>519</b>	<b>31,93, <math>p &lt; 0,001</math></b>	
<b>Menntun</b>						
Grunnskólapróf	Einstæðar mæður	60,0%	40,0%	20	2,76, $p = 0,096$	
	Mæður í sambúð	78,9%	21,1%	57		
Stúdentspróf eða starfstengt nám	Einstæðar mæður	50,0%	50,0%	36	16,36, $p < 0,001$	
	Mæður í sambúð	83,3%	16,7%	114		
Háskólapróf	Einstæðar mæður	86,4%	13,6%	44	3,16, $p = 0,076$	
	Mæður í sambúð	93,9%	6,1%	246		
<b>Alls</b>				<b>517</b>	<b>27,68, <math>p &lt; 0,001</math></b>	
<b>Tekjuhópar</b>						
Lágar tekjur	Einstæðar mæður	46,2%	53,8%	13	6,11, $p = 0,013$	
	Mæður í sambúð	79,1%	20,9%	67		
Meðalhár tekjur	Einstæðar mæður	52,5%	47,5%	40	16,08, $p < 0,001$	
	Mæður í sambúð	83,3%	16,7%	132		
Háar tekjur	Einstæðar mæður	85,7%	14,3%	42	4,45, $p = 0,035$	
	Mæður í sambúð	94,9%	5,1%	176		
<b>Alls</b>				<b>470</b>	<b>26,02, <math>p &lt; 0,001</math></b>	